

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 3. nóvember 2020
UST202010-018/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins Vífilstaðarvatn

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Garðabæjar, dagsett 1. október 2020, um leyfi til framkvæmda vegna stígagerðar innan friðlandsins við Vífilstaðarvatn.

Vífilstaðarvatn er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 1064/2007. Óheimilt er að spilla náttúrulegu gróðurfari, trufla og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminum í friðlandinu. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatns og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar og bæjarstjórn Garðabæjar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að leggja stíg sem tengir stíg umhverfis Vífilstaðarvatn við útivistarsvæði á Grunnuvatnasvæði sunnan vatnsins um Grunnuvatnsskarð. Nýji stígurinn fer að mestu um móa- og kjarriaxnar brekkur. Þar eru líka lúpínubreiður og mun stígurinn fara eftir þeim þar sem kostur er. Lengd stígsins er um það bil 900 metrar og hæðaraukning 65 metrar. Meðallengdarhalli er því u.þ.b. 1:15. Gert er ráð fyrir að stígurinn verði tveggja metra breiður með 30 cm öxlum og malarborinn. Við val á legu stígsins var tekið tillit til landslags og gróðurs og verður framkvæmdum stýrt þannig að verktökum er hvergi heimilað að fara út fyrir stígstæðið með bifreiðir og vinnuvélar. Gróðurtorfur úr stígstæðinu verða notaðar til að lagfæra jaðra og minniháttar fláa. Í dag er fyrir á svæðinu brattur og grýttur troðningur beint upp í gegnum kjarrið og ástand hans gott. Lega hans er þó ekki valin vegna brattans. Lausefni í yfirborði nýs stígs yrði ekki til friðs í leysingum í slíkum bratta. Gert er ráð fyrir að troðningur verði áfram valkostur fyrir þá sem kjósa að ganga þá leið. Verkið yrði unnið á þann hátt að lítil jarðýta móti stígstæðið og síðan yrði burðarlagi ekið í stígstæðið. Vörubílar eða vinnuvélar með kerrum verða látnir bakka eftir stígstæðinu til að þurfa ekki að snúa við utan stígstæðis. Hægt er að vinna verkið úr tveimur áttum, þ.e. frá Vífilstaðarvatni að neðan og frá reiðstíg að ofan. Kort sem sýnir legu stígsins fylgdi með umsókn. Að verkinu koma 4-5 starfsmenn og er ráðgert að það taki 3-4 vikur og verði lokið fyrir 31. desember 2020.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé þess gætt að farið verði eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu. Gera má ráð fyrir að gestir svæðisins verði fyrir einhverjum truflunum á meðan framkvæmdir fara fram.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun telur æskilegt að eldri stíg um skarðið sem þessum stíg er ætlað að leysa af hólmi verði afmáður þar sem stíganir skerast til að fækka villuslóðum á svæðinu. Myndi það jafnframt minnka rofhættu. Umhverfisstofnun veitir Garðabæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu stígsins innan friðlandsins við Vífilsstaðarvatn sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 3. nóvember til 31. desember 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem farið er út fyrir stíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan stíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Tryggja skal að grunnvatnsrennsli á svæðinu skerðist ekki með framkvæmdinni.
- Gæta skal að því að stígurinn falli vel að landslagi og raski ekki ásýnd svæðisins.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það afmáð.
- Kynna skal framkvæmdir fyrir gestum svæðisins og benda á hjáleidir þar sem því er við komið til að tryggja öryggi gesta og minnka rask á umhverfið.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðsstjóri



René Biasone
sérfræðingur